

REGLUGERÐ

um meðalhófsprófun áður en samþykkt er ný lögverndun starfs eða breyting gerð á gildandi lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum um lögverndun starfs.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um meðalhófsprófun áður en starf eða starfsheiti er lögverndað eða gildandi lögum og stjórnvaldsfyrirmælum er breytt, sem gilda um þau skilyrði sem þarf til að iðka lögverndað starf eða nota tiltekið starfsheiti. Reglugerðin er sett til samræmis við 7. gr. tilskipunar (ESB) 2018/958 um meðalhófsprófun og gildir um öll lögvernduð störf og notkun starfsheitis í skilningi tilskipunar 2005/36/EB.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir ótilhlýðilegar takmarkanir á aðgangi að lögvernduðu starfi eða iðkun þess, tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins, gagnsæi og neytendavernd.

Reglugerðinni er jafnframt ætlað að leiða til þess að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla um lögverndun starfs gangi ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði sem stefnt er að með lögverndun.

3. gr.

Skilgreiningar.

Lögvernduð atvinnustarfsemi: Leið til að setja reglur um starf þar sem aðgengi að atvinnustarfsemi eða flokki atvinnustarfsemi er beint eða óbeint bundið, á grundvelli laga eða stjórnsýslufyrirmæla, við þá sem eru aðilar að lögvernduðu starfi og hafa sérstaka faglega menntun og hæfi og þar sem óviðeigandi notkun slíkrar starfsemi er háð viðurlögum.

Lögverndað starfsheiti: Leið til að setja reglur um notkun á starfsheiti í atvinnustarfsemi eða í flokki atvinnustarfsemi er beint eða óbeint bundin, á grundvelli laga eða stjórnsýslufyrirmæla, skilyrði um sérstaka faglega menntun og hæfi þar sem óviðeigandi notkun slíks starfsheitis er háð viðurlögum.

Lögverndað starf: Atvinnustarfsemi eða flokkur atvinnustarfsemi þar sem aðgengi að starfi, iðkun starfs eða einn þáttur í iðkun starfs er háð fyrirmælum laga eða stjórnvaldsfyrirmælum um sérstaka menntun og hæfi.

Lögbært stjórnvald: Það stjórnvald sem fer með málefni þess starfs eða notkun þess starfsheitis sem til stendur að lögvernda með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum eða breyta ákvæðum um.

Meðalhófsprófun: Mat á því hvort að fyrirhuguð ákvæði sem stendur til að setja um takmarkanir eða breytingar á takmörkunum um lögverndun starfs og notkun starfsheitis séu til þess fallin að ná lögmætu markmiði og gangi ekki lengra en nauðsynlegt er að teknu tilliti til almannahagsmuna.

4. gr.

Ábyrgð á meðalhófsprófun.

Skylda til að framkvæma meðalhófsprófun hvílir á lögbæru stjórnvaldi til samræmis við gildandi forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

5. gr.

Meðalhófsprófun.

Lögbært stjórnvald skal framkvæma meðalhófsprófun með hliðsjón af eftirfarandi sjónarmiðum við undirbúning lagafrumvarpa eða stjórnvaldsfyrirmæla þegar til stendur að lögvernda starf eða starfsheiti eða gera breytingar á ákvæðum sem gilda um þau. Ekki er um tæmandi talningu að ræða:

- a. Mat á eðli áhættunnar sem tengist þeim almannahagsmunum sem stefnt er að því að vernda. Hér er átt við raunverulega áhættu fyrir þá sem njóta þeirrar þjónustu sem um ræðir, einkum neytendur, en einnig fagaðila eða þriðju aðila.
- b. Mat á því hvort gildandi ákvæði í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum séu nægjanleg til þess að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með lögverndun starfs og heimild til notkunar starfsheitis.
- c. Mat á þeim ákvæðum sem stefnt er að því að setja með tilliti til rökstuðnings, að ákvæðin séu rökstudd með sambærilegum og kerfisbundnum hætti og hliðstæð ákvæði sem þegar hafa verið sett um sambærilega atvinnustarfsemi, starf eða starfsheiti með tilliti til almannahagsmuna.
- d. Mat á áhrifum á frjálsa för einstaklinga og þjónustuveitenda yfir landamæri innan Evrópska efnahagssvæðisins, svo sem vali neytenda á þjónustu og gæði þjónustunnar. Jafnframt skal vega ákvæðin saman við það markmið sem ætlað er að ná.
- e. Mat á því hvort almannahagsmuna verði gætt með vægari hætti en með lögverndun starfs eða notkun starfsheitis.
- f. Mat á því hvort fyrirhuguð eða gildandi ákvæði séu nauðsynleg til að ná því markmiði sem stefnt er að.

6. gr.

Almannahagsmunir og rökstuðningur.

Lögbært stjórnvald skal við framkvæmd meðalhófsprófunar horfa til almannahagsmuna, þ.m.t. þeirra sem taldir eru upp í neðangreindum stafliðum:

- a. Allsherjarregla og almannaoöryggi.
- b. Lýðheilsa.
- c. Líf og heilsa.
- d. Öryggi sjúklinga.
- e. Réttaröryggi.
- f. Samgönguöryggi.
- g. Dýraheilsa.
- h. Þjóðaröryggi.
- i. Neytendavernd.
- j. Öryggi mannvirkja.
- k. Vernd og varðveisla á sögulegri og listrænni menningararfleið þjóðarinnar.

I. Umhverfissjónarmið.

m. Skattefirlit og skattundanskot.

Ákvæði um lögverndun starfs, notkun starfsheitis eða takmörkun á aðgangi að starfi eða atvinnustarfsemi skulu réttlætanager á grundvelli almannahagsmuna. Rökstyðja skal á málefnalegan og hlutlægan hátt nauðsyn þess að takmarka atvinnufrelsi að viðkomandi starfi, þ.e. hvaða almannahagsmunir liggja til grundvallar og hvaða afleiðingar það hafi verði starf ekki lögverndað. Lögbært stjórnvald skal við matið vísa til raunverulegrar og yfirvofandi hættu verði starf eða starfsheiti ekki lögverndað, enda geti afleiðingar óviðunandi þekkingar og hæfni til að vinna þau störf verið mjög alvarlegar.

Almennt skal mat á almannahagsmunum miðast við eðli þeirra hagsmuna sem vernda skal hverju sinni. Sem dæmi um lögvernduð störf má nefna störf heilbrigðisstarfsmanna, þar sem markmið er að vernda líf og heilsu einstaklinga og tryggja öryggi sjúklinga.

7. gr.

Upplýsingamiðlun og gagnsæi.

Lögbært stjórnvald skal hafa samráð við hlutaðeigandi við framkvæmd meðalhófsprófunar um lögverndun starfs og notkun starfsheita áður en til stendur að innleiða ný ákvæði um lögverndað starf eða breyta ákvæðum, þ.m.t. hagsmunaaðila og þá sem tilheyra viðkomandi atvinnustarfsemi og almenna borgara. Samráð getur meðal annars farið fram með birtingu fyrirhugaðra ákvæða um lögverndun í Samráðsgátt stjórnvalda, til samræmis við samþykkt ríkisstjórnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna.

8. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 7. mgr. 9. gr. laga um viðurkenningu á faglegru menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu, 9. mars 2026.

Logi Már Einarsson.

Sigrún Brynja Einarisdóttir.